# ÍBÚÐ H

Íbúðin skiptist í eldhús, stofu, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Úr stofu er gengið út á svalir með svalaskjóli.
Allar innréttingar eru úr melamíni með viðaráferð. Í eldhúsi er L-laga eldhúsinnrétting, bakaraofn í borðhæð, uppþvottavél og keramik helluborð. Flísalagt er milli efri og neðri skápa. Á gólfum er harðparket nema á baðherbergi þar sem allur gólfflötur er flísalagður með hindrunarlausu aðgengi að sturtusvæði.

Veggir á baðherbergi eru flísalagðir í hurðarhæð. Salerni er upphengt og á vegg er handklæðaofn. Tenging er fyrir þvottavél og þurrkara.
Skápar eru í stærra svefnherbergi og í forstofu. Sólbekkir eru í stofugluggum. Ljóskúplar eru í forstofu, á baðherbergi og í eldhúsi, þar er einnig ljósstæði undir efri skápum.
Sérgeymsla er á jarðhæð. Hjóla- og rafskutlugeymsla er í götuhæð.
Allar íbúðir eru búnar myndavéladyrasíma.




## STAÐSETNING Í BYGGINGUNNI




| ÍBÚÐ NR: | 105 |
|---|---|
| Íbúð | 91 m² |
| Geymsla | 9 m² |
| Alls | 100 m² |


Naustavör er dótturfélag Sjómannadagsráðs

NAUSTAVÖR
Öryggi | afþreying | þjónusta